



## Fundargerð

**400. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 föstudaginn 2. september 2016. Þetta er 9. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Sverrir Gíslason Ó-lista boðar forföll. Kristín Lárusdóttir 2. varamaður Ó-lista mætir í hans stað. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar að við málefnskrá bætist.

Viðbót við dagskrá:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

18. Ráðstefna ungmenna á Suðurlandi. Erindi frá Hfsu. dags. 30.08.2016

II. Fundargerðir til samþykktar

5. Fundargerð 66. fundar menningarmálanefndar. 22.08.2016

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjóri fór á vinnufund vegna byggðaáætlunar sem haldinn var af Framtíðarsetri Íslands. Verið er að vinna að sviðsmyndagreiningu fyrir gerð byggðaáætlunar. Haldinn var samráðsfundur með hagsmunaaðilum vegna vatnastýringa í Skaftá þann 25. ágúst s.l. Það var sameiginleg niðurstaða fundarins áhugi á setu í vinnuhóp sem hefði það hlutverk að vinna tillögu til forsætisráðuneytisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um vatnastýringu úr Skaftá útá Eldhraun, ásamt kostnaðaráætlun við framkvæmdirnar. Einnig myndi vinnuhópurinn leggja til framkvæmdaaðila sem fengi fjármagn úr ríkissjóði vegna kostnaðar sem hlýst af umhverfismati og vatnastýringu. Skólustarf hefur farið vel af stað og náðst hefur að manna í allar helstu stöður fyrir komandi skólaár. Oddviti sótti fund um íbúalýðræði sem fram fór í Svíþjóð.

### Dagskrá

#### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1608017 Prókuruumboð íprótta- og tómsfundafulltrúa

Sveitarstjórn samþykkir að veita Katarzynu Korolczuk prókuruumboð á reikninga sem tengjast starfi íprótta- og tómsfundafulltrúa.

2. 1608002 Tilnefning í fjallskilanevnd Skaftártunguafréttar

Varamaður Þórgunnur María Guðgeirsdóttir verði aðalmaður. Varamaður í hennar stað verði Jóhannes Siggeirsson. Formaður fjallskilanevndar verði Sæmundur Oddsteinsson. Sveitarstjórn þakkar Auði Guðbjörnsdóttur störf í þágu sveitarfélagsins.

3. 1605008 Tilnefning í fræðslunefnd

*Handwritten signature and initials:*  
KBBP  
H617



*Þorsteinn Kristinsson tekur sæti aðalmanns D-lista í fræðslunefnd og Unnar Steinn Jónsson verður 1. Varamaður. D-listi tilnefni Svein H. Jensson sem 2. varamann í fræðslunefnd. Sveitarstjórn þakkar Rakel Pálmadóttur störf í þágu sveitarfélagsins.*

4. 1604021 Rekstraryfirlit 7 mánaða fjárhagsstaða  
*Rekstur sveitarfélagsins er á áætlun.*

5. 1603002 Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2016  
*Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2016; 0627 -1110 Vinnuskóli 300 þús flytjist á laun Félagsmiðstöð þar sem engin vinnuskóli var í sumar.*

*0605 – laun Félagsmiðstöð fari úr 78 þús í 1.194 þús – breyting 1.116. Með tilfærslu áætlunar vinnuskóla 300 þús verður breytingin 816 þús.*

*1061-499218 Snjómokstur fari úr 800 þús í 2000 þús – breyting 1.200 þús*

*21011-2813 Tölvukaup sveitarstjórnar 170 þús  
Samtals breyting 2.186 þús.*

*Tekjur vegna fasteignagjalda reyndust 1120 þús kr. hærri en áætlað var og tekjur vegna sorphirðu- og sorpeyðingar 500 þús og kemur það á móti auknum útgjöldum. Nettó áhrif viðauka er útgjaldaauki um 566 þús sem verður mætt með lækkun á handbæru fé.*

*Fært verði á milli liða*

*3110-4965 Af Eignasjóði Kirkjubæjarskóli 2.500 þús á gámasvæði 31358-4990*

*31345-4965 Af Eignasjóði Kirkjuhvoll 1.500 þús á gámasvæði 31358-4990*

*Framkvæmdafé vegna gámasvæðis hækkar úr 5.566 þús í 9.566 þús*

*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.*

6. 1608019 Tilnefning fulltrúa á ársþing SASS

*Eva Björk Harðardóttir og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir verða fulltrúar Skaftárhrepps og Bjarki Guðnason og Sverrir Gíslason til vara.*

7. 1603022 Tilnefning fulltrúa íbúa í verkefnisstjórn Skaftárhrepps til framtíðar

*Sveitarstjórn tilnefni Erlu Þórey Ólafsdóttir sem fulltrúa íbúa í verkefnisstjórn Skaftárhrepps til framtíðar og þakkar Auði Guðbjörnsdóttur fyrir sín störf í þágu sveitarfélagsins.*

8. 1608020 Ástand vegar að Fjaðrárgljúfri

*Ástand vegar að Fjaðrárgljúfri er óviðunandi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn beiðni til Vegagerðar ríkisins um að vegurinn að Fjaðrárgljúfri verður skráður sem ferðamannavegur.*

9. 1608021 Aðgangur starfsmanna svf. að Íþróttamiðstöð

*Sveitarstjórn samþykkir að gera starfsmönnum sveitarfélagsins kleift að nýta sundlaug og tækjasal sér að kostnaðarlausu. Kostnaðurinn færist mánaðarlega á hverja stofnun fyrir sig m.v. við notkun starfsmanna.*

10. 1608018 Tilnefning í stjórn Náttva

HGA



*Sveitarstjórn tilnefnir sveitarstjóra í stjórn Náttúrustofu Suðausturlands. Sveitarstjórn þakkar Rannveigu Ólafsdóttur störf sín í þágu sveitarfélagsins og býður hana jafnframt velkomna til starfa hjá Náttúrustofu Suðausturlands.*

11. 1603019 Erindi Gísla Halldórs Magnússonar. dags. 15.08.2016

*Sveitarstjórn þakkar erindið. Fyrir fundinum liggur beiðni Gísla Halldórs Magnússonar um að sveitarstjórn birti nú þegar á vefsíðu sveitarfélags þau skilyrði er stjórnvöld settu um ráðstöfun 30 milljón króna fjárveitingar, ásamt öllum umsóknum er sveitarstjórn bærust. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að birta þessar upplýsingar á vefsíðu sinni óskar undirritaður eftir að fá þessar upplýsingar sendar. Einnig er farið fram á að sveitarstjórn birti fyrir næstu áramót ítarlegar skýrslur um ráðstöfun styrkjanna.*

*Í fundargerðum sveitarfélagsins, sem aðgengilegar eru á vefsíðu þess, er að finna upplýsingar um úthlutun styrkja og forsendur þeirra. Sveitarfélagið telur sér óheimilt að veita almenningi aðgang að gögnum um fjárhagsmálefni einstaklinga þar sem þær geti með óbeinum hætti veitt upplýsingar um tekjur og eignastöðu hlutaðeigandi einstaklings. Sveitarstjóra falið að leiðbeina og svara Gísla Halldóri um framhaldið. Sveitarstjórn mun ekki krefja styrkþega um lokaskýrslur vegna verkefnanna þar sem það var ekki skilyrði við úthlutun.*

12. 1608013 Erindi Benedikts Lárussonar. dags. 10.08.2016

*Sveitarstjórn þakkar erindið. Fyrir fundinum liggur erindi Benedikts Lárussonar vegna næturgistingar ferðamanna á bílaplönnum í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.*

13. 1608014 Erindi FSRV. dags. 12.08.2016

*Sveitarstjórn samþykkir að styðja við þá foreldra sem hafa hug á að sækja námskeið í foreldrafærni og felur sveitarstjóra að útfæra það í samstarfi við Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.*

14. 1608015 Ályktun Búnaðarþings vegna fjallskila. dags. 09.08.2016

*Sveitarstjóra falið í samvinnu við formenn fjallskilanefnda að svara erindi Bændasamtakanna um stöðu framkvæmdar fjallskila í sveitarfélaginu.*

15. 1608022 Umsókn um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II. Fossar bú sf. dags. 20.07.2016  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

16. 1608026 Umsókn um tækifærisleyfi vegna réttarballs í Tunguseli. dags. 31.08.2016  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

17. 1608027 Stjórnsýslukæra vegna synjunar á útgáfu rekstrarleyfis í flokki II á Skaftárvöllum 2. 29.08.2016.

*Fyrir fundinum liggur erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna stjórnsýslukæru f.h. N29 ehf. vegna ákvörðunar sýslumanns frá 5. júlí s.l. þar sem synjað var um útgáfu rekstrarleyfis gististaðar í flokki II að Skaftárvöllum 2 á Kirkjubæjarklaustri á grundvelli neikvæðrar umsagnar sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samvinnu við lögfræðing sveitarfélagsins og samband íslenskra sveitarfélaga að svara erindinu fyrir tilskilinn frest.*

18. Ráðstefna ungmenna á Suðurlandi. Erindi frá Hfsu. dags. 30.08.2016

*Sveitarstjórn fagnar framtakinu og felur sveitarstjóra í samvinnu við skólustjóra og íþrótta- og tómstundafulltrúa að tilnefna ungmenni á ráðstefnunna. Sveitarstjórn tilnefnir Evu Björk*



*Harðardóttur og Bjarna Bjarnason sem aðalmenn á ráðstefnuna fyrir Skaftárhrepp og Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur og Kristínu Lárusdóttur til vara.*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1608005 Fundargerð 119. fundar skipulagsnefndar. 25.08.2016

### Skipulagsmál:

#### 1. Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs. Í tillögunni felst að útbúið er nýtt stofnanasvæði (S-12) við Sönghól sunnan Skaftár.

***Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Í samráði við Landmótun teiknistofu sem vinnur að skipulagsbreytingu hefur verið tekið tillit til athugasemda þar sem það á við. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst í samræmi við 31.gr.skipulagslaga nr.123/2010 að lokinni yfirferð skipulagsstofnunnar.***

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2. Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs – Deiliskipulags

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna svæðis S-12 í samræmi við breytingu aðalskipulags í lið 1. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir byggingarreit undir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs auk bílastæða.

***Samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010 samhliða auglýsingu aðalskipulagsbreytingar.***

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 3. Efri-Vík – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

*Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir tekur við stjórn fundarins.*

Lögð er fram tillaga vegna aðalskipulagsbreytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps fyrir Efri-Vík. Um er að ræða breytingu á landnotkun á landi Efri – Víkur í Landbroti þar sem hluti opin svæðis, frístundabyggðar og landbúnaðar fer undir íbúðarbyggð.

***Umsögn barst frá skipulagsstofnun vegna skipulagsins þar sem eftirtaldar athugasemdir komu fram:***

- *Tillagan samræmist ekki núverandi skilmálum aðalskipulags þar sem segir „á Klaustri þarf að gera ráð fyrir byggingarlóðum fyrir þá sem vilja setjast þar að og stunda sína vinnu“ Innan tillögunnar skuli gera grein fyrir afhverju það sé talið nauðsynlegt að víkja frá þeirri stefnu og heimila íbúðarbyggðir utan þéttbýlis.*
  - ***Tilgangur breytingarinnar er að svara kalli rekstraraðila í ferðaþjónustunni sem vilja byggja upp aðstöðu fyrir sitt starfsfólk auk þess sem boðið eru upp á annan möguleika á búsetumunstri með stórum íbúðarlóðum. Slík uppbygging á ekki á nokkurn hátt að hafa áhrif á áætlanir sveitarfélagsins um frekari uppbyggingu íbúðarbyggðar á Kirkjubæjarklaustri. Ekki er um hefðbundið þéttbýli að ræða þar sem lóðir eru frá 0,8 ha upp í 7 ha og heimildir til bygginga gripahús og gróðurhúsa auk íbúðarhúss og bílageymslu.***



- Skipulagsstofnun bendir á að núverandi skilmálar aðalskipulags samræmist betur landsskipulagsstefnu um að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúðar fremur að búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.
  - Skipulagsnefnd bendir á að sú uppbygging sem hér um ræðir falli ágætlega undir þá nýtingu að teljast til atvinnustarfsemi og/eða önnur staðbundin landnýtingu sem gefi tillit til fjölgunar íbúða í dreifbýli umfram núgildandi heimildir aðalskipulags. Annarsvegar sé hér um að ræða uppbyggingu íbúðarhúsa vegna atvinnustarfsemi og hinsvegar sé um að ræða uppbygging á staðbundinni landnýtingu þar sem hægt sé að byggja sér íbúðarhús, gripahús, gróðurhús og nýta landið fyrir skepnur án þess að um sé að ræða hefðbundinn landbúnað.
- Sveitarfélög eigi að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af henni skal gera rökstudda grein fyrir því.
  - Skipulagsnefnd telur að umrædd skipulagsáætlun sé í samræmi við landsskipulagsstefnu. Áfram er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar á því byggingarsvæði sem í boði er norðar Skaftár í þéttbýlinu á Kirkjubækjarklaustri í samræmi við deiliskipulag Skaftárvallarhverfis.
- Skipulagsstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða betur með hvaða hætti sé æskilegast að mæta þörfum ferðaþjónustunnar fyrir starfsmannabústaði og hinsvegar þörf sveitarfélagsins fyrir nýja íbúa.
  - Skipulagsnefnd lítur svo á að uppbygging á þéttbýlinu á Kirkjubækjarklaustri og uppbygging á íbúðarbyggð að Efri-Vík eigi ekki að skarast heldur bjóði þvert á móti upp á fjölbreyttari íbúðarmöguleika og íbúðamunstur. Fjarlægð Efri-Víkur frá Klaustri er innan við 6 km og mun því viðkomandi íbúðarbyggð nýta alla þjónustu á Kirkjubækjarklaustri.
- Stofnunin bendir jafnframt á að óheppilegt geti verið að blanda íbúðarbyggð og frístundabyggð. Sveitarfélagið hefur aðrar og viðtækari skyldur gagnvart íbúum en eigendum frístundahúsa.
  - Skipulagsnefnd leggur til að skilmálar vegna gatna og fráveitumála verði ítarlega skilgreindir innan deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og ítrekar mikilvægi þess að þættir vegna gatna og fráveitu verði skilgreindir sérstaklega.

Eva kemur aftur til fundar og tekur við stjórn hans.

#### 4. Hemrumörk – Deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag til samþykktar fyrir byggingu íbúðarhúss, tveggja gestahúsa og bílskúrs og lóð Hemrumarkar.

**Samþykkt til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.**

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

#### 5. Tungu – Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar fyrir Tungu í Skaftárhreppi. Innan lýsingar er kynning á skipulagsverkefni sem felur í sér skilgreiningu á verslunar og þjónustusvæði í landi Tungu. Gert er ráð fyrir 50 herbergja hóteli á tveimur hæðum, starfsmannahúsum og sögusafni.



**Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagða lýsingu og leggur til að hún verði auglýst í samræmi við skilmála skipulagsreglugerðar þess efnis.**

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

2. 1605008 Fundargerð 146. fundar fræðslunefndar. 01.09.2016

**Fræðslunefnd**

**3. Reglur um skólaakstur**

**Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar að móta reglur um skólaakstur í samræmi við gildandi reglur MMR.**

*Sveitarstjórn felur fræðslunefnd í samvinnu við sveitarstjóra að koma með tillögu að reglum um skólaakstur þar sem einnig verði settar reglur um akstur leikskólabarna úr dreifbýli sveitarfélagsins.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

3. 1608002 Fjallskilaseðill Landbrots- og Miðafréttar. *Fundargerð samþykkt.*

4. 1608002 Fjallskilaseðill Austur-Síðuafréttar. *Fundargerð samþykkt.*

5. Fundargerð 66. fundar menningarmálanefndar. 22.08.2016. *Fundargerð samþykkt*

### III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1603026 174. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 19.08.2016. *Fundargerð kynnt.*

2. 1604030 510. Fundargerð stjórnar SASS. 05.08.2016. *Fundargerð kynnt*

3. 1603021 20. Fundargerð stjórnar Bergrisans. 24.08.2016. *Fundargerð kynnt*

4. 1608023 Fundargerð aðalfundar Hulu bs. 16.08.2016. *Fundargerð kynnt*

5. 1608023 Fundargerð stjórnarfundar Hulu bs. 16.08.2016. *Fundargerð kynnt*

6. 1604047 36. fundargerð félagsmálanefndar. 29.08.2016. *Fundargerð kynnt*

### IV. Annað kynningarefni.

1. 1605008 Hvatning Velferðarvaktarinnar vegna kostnaðarþátttöku foreldra. 09.08.2016. *kynnt.*

2. 1604047 Námskeiðs- og fræðslufundaáætlun FSRV. *kynnt.*


3. 1608024 Samningur á notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólasterfi. 16.08.2016. *kynnt.*


4. 1608025 Drög að eigendastefnu fyrir þjóðlendar. 27.07.2016. *kynnt.*

Næsti fundur áætlaður 13. október 2016

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15.30

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Johannes Gissurarson



*Kristín Lárusdóttir*

Kristín Lárusdóttir

*Bjarki Guðnason*  
Bjarki Guðnason

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir*  
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

